

Dómsorð:

Í aðalsök greiði aðalstefndu, Guðbjartur Ólafsson, Sigurjón Á. Ólafsson, Friðrik V. Ólafsson, Árni Árnason, Guðrún Jónason, Ólafur Þórðarson og Rannveig Vigfúsdóttir f. h. Slysavarnafélags Íslands, aðalstefnanda, Daníel Þorsteinssyni f. h. Daníels Þorsteinssonar & Co. h/f, kr. 33.772,31 með 6% ársvöxtum frá 23. september 1948 til greiðsludags og kr. 2.500,00 í málskostnað.

Í gagnsök skal gagnstefndi vera sýkn af öllum kröfum gagnstefnanda í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 16. janúar 1954.

Nr. 60/1952. **Skipaútgerð ríkisins** (Egill Sigurgeirsson)
gegn

Útgerðarfélagi Akureyringa h/f
(Sveinbjörn Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáramur Hæstaréttar.

Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. apríl 1952. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 1.317,00 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1951 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Í greinargerð stefnda í héraði byggði hann, eins og hér fyrir dómi, sýknukröfu sína á því, að „ríkisvaldinu beri tvímællalaus skylda til að annast um það, að tundurdufl verði gerð óvirk, án þess að einstaklingar þurfi að greiða þóknun fyrir það starf til ríkisins eða þeirrar stofnunar þess, sem

sér um framkvæmd verksins“. Þrátt fyrir þetta hefur ekki verið fengin yfirlýsing dómsmálaráðuneytisins um horf þess til málsefnisins. Vegna þessarar vanreifunar af hálfu stefnanda í héraði hefði héraðsdómari átt að vísa málinu frá héraðsdómi. Þykir því bera að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1.500,00.

Dómsorð :

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnda, Útgerðarfélagi Akureyringa h/f, kr. 1.500,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 21. janúar 1952.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þriðjudaginn 15. þ. m., var höfðað hér fyrir dómi með stefnu, út gefinni 24. október sl., af Pálma Loftssyni, framkvæmdastjóra í Reykjavík, f. h. Skipaútgerðar ríkisins, Reykjavík, gegn Útgerðarfélagi Akureyringa h/f, Akureyri, og gerir hann þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 1.317,10 auk 6% ársvaxta frá 1. janúar 1951 til greiðsludags og kr. 468,48 í málskostnað.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir: Að kvöldi hins 30. desember 1950 var tilkynnt til Ísafjarðar frá b/v Svalbak, E.A. 2, frá Akureyri, sem var á veiðum út af Vestfjörðum, að hann hefði fengið tundurdufl í botnvörpuna og innbyrt það, og þyrfti hann að fá kunnáttumann til að athuga það. Um kl. 21 sama kvöld átti einhver af áhöfn togarans símtal við Guðfinn Sigmundsson, vélsmið á Ísafirði, og talaðist þeim svo til, að Guðfinnur fengi samþykki bæjarfógetans á Ísafirði fyrir, hvað gera skyldi. Bæjarfógetinn ákvað síðan, að togarinn skyldi koma inn á „Prestabugt“ til að fá afgreiðslu. Gert hafði verið ráð fyrir því, að togarinn yrði kominn til Ísafjarðar kl. 1—2 um nóttina, og var varðskipið María Júlía fengið til að flytja Guðfinn Sigmundsson út að togaranum. Var lagt af stað frá bæjarbryggjunni um kl. 0.30 og beðið úti á „Prestabugt“, þar til togarinn var kominn og lagztur kl. 02.15, og var þá lagt að togaranum. Eftir að Guðfinnur

hafði haft tal af skipstjóranum á togaranum, fór öll áhöfnin af togaranum yfir í varðskipið, meðan Guðfinnur átti við duflið. Guðfinnur gerði síðan þær aðgerðir á tundurduflinu, sem með þurfti, og liggur fyrir í málinu skýrsla hans um gerð og ástand duflsins og hvað hann gerði við það. Um kl. 03.00 gaf Guðfinnur merki um, að hann hefði lokið starfi sínu, og kom þá skipshöfn togarans aftur um borð, en varðskipið flutti Guðfinn að bryggju á Ísafirði. Umboðsmaður stefnanda hefur tekið það fram í greinargerð sinni í málinu, að beiðninni um að gera tundurduflið óvirkt hafi verið komið á framfæri við umboðsmann Skipaútgerðar ríkisins á Ísafirði fyrir munnleg skilaboð frá símsstöðinni á Ísafirði. Samkvæmt skýrslu skipherrans á Maríu Júlíu fór hann með Guðfinn Sigmundsson greinda ferð eftir munnlegum skilaboðum hans þar um frá umboðsmanni Skipaútgerðarinnar á Ísafirði. Einnig er greint svo frá í skýrslu skipherrans, að varðskipið hafi haldið til lands aftur kl. 03.40 og komið að bryggju kl. 04.05.

Stefnandi hefur sundurgreint kröfu sína þannig, að kr. 317,10 séu vegna kaups og áhættuþóknunar, sem hann hafi greitt Guðfinni Sigmundssyni, og kr. 1.000,00 fyrir aðstoð varðskipsins. Kveður stefnandi bæði eigendur togarans og váttryggjendur hafa neitað að greiða reikninginn.

Stefnandi hefur einkum byggt greiðsluskyldu stefnda á þeirri almennu reglu, að sá, sem biður annan aðilja að vinna verk, verði að greiða fyrir það. Þá hefur hann haldið því fram, að tundurduflið hafi ekki verið á alfaraleið, heldur hafi það verið tekið upp af sjávarbotni. Hann telur því, að þá hafi engin almenn hætta stafað af tundurduflinu, og eftir að duflið hafi verið innbyrt í skipið, hafi skipseigandi og váttryggjandi skipsins haft alla hagsmunina af því, að það væri eyðilaggt. Þá hefur hann bent á, að engin lagafyrirmæli væru til, sem legðu þá skyldu á herðar ríkinu að eyða tundurduflum, og áleit, að eigi væri hægt að leiða slíka reglu af öðrum lagafyrirmælum. Einnig tilgreindi hann, að annar aðili en ríkið stæði aðallega fyrir almennum slysavörnum í landinu, en hér hafi verið um slysavarnarstarfsemi að ræða. Þá benti hann á, að ríkið tæki björgunarlaun fyrir björgunarstarf varðskipanna.

Loks hefur stefnandi haldið því fram, að eigendur erlendra skipa hefðu greitt stefnanda fyrir eyðingu tundurdufla, og hefur gefið í skyn, að svo kunni einnig að hafa verið um innlend skip.

Stefndi hefur fært fram eftirfarandi rök fyrir sýknukröfu sinni: Ríkisvaldinu beri tvímællaus skylda til að annast um, að tundurdufl verði gerð óvirkt án endurgjalds frá einstaklingum. Starfið sé lögreglu- eða löggæzlustarf, sem unnið sé í þágu þjóðarheildarinnar til almenns öryggis og í því fólgið að gera óvirkt manndráps- og eyðileggingartæki. Verkið sé unnið til að fjarlægja hættulegt tæki, sem valdið gæti líftjóni og eigna, ef það væri látið leika lausum hala á fiskimiðum og siglingaleiðum við strendur landsins. Til styrktar

því, að hér sé um lögreglustarf að ræða, hefur hann haldið því fram, að eyðing tundurdufla sé framkvæmd undir stjórn lögreglustjóra á hverjum stað, og hefur þar um skírskotað til þess, að Guðfinnur Sigmundsson hafi leitað úrskurðar bæjarfógeta á Ísafirði um, hvað ætti að gera í málinu. Þá hefur stefndi haldið því fram, að leiða megi þá reglu út frá ákvæðum laga nr. 29 frá 1941 og laga nr. 52 sama ár, að ríkið beri kostnað af hindrun á almannahættu vegna hernaðar- aðgerða. Sama sé meginreglan varðandi hættur af ýmsum öðrum orsökum. Það var upplýst við flutning málsins af umboðsmanni stefnanda, að Skipaútgerðin hefði staðið fyrir því, að mönnum hér yrði kennt að eyðileggja tundurdufl, sett taxa um kaup þeirra og áhættuþóknun, og að menn þessir yrðu að færa sönnur á það fyrir viðkomandi lögreglustjóra, að þeir hefðu gert tundurdufl óvirkt, með því að afhenda honum tiltekið stykki úr tundurduflinu. Telur stefndi, að menn þessir, sem Skipaútgerðin hefur falið það starf að gera tundurdufl óvirk, séu starfsmenn ríkisins sem slíkir og staða þeirra hin sama og löggæzlumanna að þessu leyti, enda hafi aðrir menn hvorki rétt né möguleika til að inna þessi störf af höndum. Þá hefur stefndi haldið því fram, að almenn hætta hafi stafað af tundurdufli því, er hér um ræðir, þar sem það hafi verið á fjöl- sóttum fiskimiðum, og hefði það því auðveldlega getað farið í vörpu annars íslenzks togara, ef því hefði verið sleppt frá Svalbak. Einnig hefur hann bent á, að samkvæmt íslenzkum lögum séu íslenzk skip sem hluti af landinu, hvar sem þau séu, og beri því að líta á þau ásamt skipshöfninni eins og um líf og eignir á landi væri að ræða. Loks hefur hann haldið því fram, að þetta sé einsdæmi þess, að stefnandi hafi krafið íslenzka aðilja endurgjalds fyrir eyðingu tundurdufla eða sprengna, sem fundizt hafi á landi.

Það er upplýst með skýrslu Guðfinns Sigmundssonar, sbr. og *Upplýsingar um tundurdufl*, sem Skipaútgerð ríkisins hefur sent til ýmissa aðilja og fram er lagt í málinu, að tundurdufl það, sem hér var um að ræða, var af brezkri gerð, og koma því ákvæði laga nr. 99/1943 hér hvorki beint né með löggjöfnun til greina. Ekki eru heldur nein fyriræli um efni þetta annars staðar í lögum eða reglugerðum. Ekki var heldur neitt samið um deiluefnið, það er, hvort greiða skyldi fyrir eyðingu tundurduflsins. Verður því að dæma málið eftir grundvallarreglum laga og eðli málsins.

Þótt eigi hafi verið sett lög eða önnur opinber ákvæði um eyðingu tundurdufla, er þó vitað, að ríkið eða Skipaútgerðin fyrir þess hönd hefur látið þessi mál mikið til sín taka. Það hefur látið semja og sent út upplýsingar um tundurdufl með lýsingu á gerð þeirra og uppdráttum. Einnig er upplýst, að ríkið eða Skipaútgerðin fyrir þess hönd hefur séð vissum mönnum fyrir kennslu í eyðingu tundurdufla, sem síðan tækju að sér eyðingu þeirra víðs vegar um land, og jafnframt hefur stofnun þessi sett taxa um kaup þeirra og áhættuþóknun og greitt þeim fyrir verkið. Alkunna er, að mikill fjöldi

tundurdufla, sem rekið hefur á fjörur hér á landi, hefur verið eyðilagður, og mun það að mestu eða eingöngu hafa verið á vegum stefnanda, enda má það alkunnugt telja, að sá háttur sé almennt á hafður, að verði menn slíkra tundurdufla varir, tilkynni þeir það viðkomandi lögreglustjóra og síðan tilkynni hann það Skipaútgerð ríkisins. Varðandi greiðslu fyrir eyðingu tundurdufla er það upplýst, að aldrei hefur stefnandi tekið greiðslu fyrir eyðingu þeirra dufla, sem rekið hefur á fjörur. Hins vegar hefur stefnandi haldið því fram, að greiðsla hafi verið tekin fyrir eyðingu tundurdufla um borð í skipum, og hefur starfsmaður stefnanda um þessi mál þó eigi viljað fullyrða, að slíkt hafi komið fyrir um íslensk skip, og er það ósannað gegn mótmælum stefnda. Fallast verður á það með stefnda, að hér hafi verið um slíka hættu að ræða, að ríkisvaldinu hafi borið að koma í veg fyrir, að tjón hlytist af, væri þess nokkur kostur. Þeir, sem vinna verkið, eru annars vegar maður sá, sem eyðir duflinu, sem skoðast verður starfsmaður ríkisins að þessu leyti, þar sem hann starfar eftir fyrirsögn stefnanda og tekur þóknun fyrir starfið hjá honum, og hins vegar skipshöfn varðskipsins, en skipshöfnin er starfsmenn ríkisins og löggæzlumenn, sbr. lög nr. 50/1940, 5. gr., og lög nr. 32/1935, 2. gr. Með lögum nr. 29/1941 og nr. 52 frá sama ári hefur ríkisvaldið tekið á sig að vissu marki skyldu til að forða almenningi frá hættum af hernaðaraðgerðum og hefur lagt væntanlegan kostnað af því á hið opinbera og hefur með því að minnsta kosti í vissar áttir tileinkað sér það sjónarmið, að því beri að draga úr almennri hættu af stríðsorsökum. Einnig hefur ríkið með aðgerðum þeim, er að framan greinir, tekið að sér sem sitt málefni eyðingu tundurdufla og án endurgjalds, þegar íslenskir hagsmunir hafa verið í húfi, allt til þessa, að því er vitað er. Þótt hæpið sé að álykta, að stefnandi hafi með því einu firrt sig rétti til að taka gjald fyrir eyðingu tundurdufls þess, er mál þetta er risið af, má þó ætla, að almenningur lífi svo á, að verk þessi séu framkvæmd af stefnanda án endurgjalds. Niðurstaðan verður samkvæmt framanrituðu sú, að einkum með tilliti til eðlis hættu þeirrar, sem hér var um að ræða, að stefnendur hafa látið þessi mál til sín taka með þeim hætti, er að framan greinir, og einnig tekið á sig kostnað af öryggisráðstöfunum af hernaðarorsökum í öðru tilliti, hverjir það eru, sem vinna verkið fyrir stefnanda, og loks, að eigi er sannað eða leiddar að því líkur, að gjald hafi verið tekið fyrir slík störf áður af íslenskum aðiljum, — telur rétturinn, að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógeta á Akureyri, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, stjórn Útgerðarfélag Akureyringa h/f, á að vera

sýkn af öllum kröfum stefnanda, Pálma Loftssonar framkvæmdastjóra f. h. Skipaútgærðar ríkisins, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Laugardaginn 16. janúar 1954.

Kærumálið nr. 18/1953.

Ákærvaldið

gegn

Ragnari Jónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um skyldu vitnis til að gera grein fyrir trúarskoðun sinni.

Dómur Hæstaréttar.

Fulltrúi sakadómarans í Reykjavík, Halldór Þorbjörnsson, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Ákærvaldið hefur skotið til Hæstaréttar úrskurði, upp kveðnum í sakadómi Reykjavíkur 3. desember f. á., og gert þær dómkröfur, að varnaraðilja, Ragnari Jónssyni, verði dæmt að svara spurningu þeirri, er í úrskurðinum greinir. Af hálfu varnaraðilja hefur ekki borizt nein greinargerð í málinu.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Málskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 3. desember 1953.

Ár 1953, fimmtudaginn 3. desember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómarara, kveðinn upp úrskurður í málinu: Ákærvaldið gegn Benedikt Kristjánssyni.

Er mál þetta, sem nú er fyrir Hæstarétti, var rannsakað í sakadómi, var Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður leiddur sem vitni.